

Reykjavík, 8. apríl 2014

TÚLKUN

varðandi hvaða markaði Fjármálaeftirlitið viðurkennir og hvaða markaðir teljast viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan skv. lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, og skv. lögum nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (s.lsl.), er lífeyrissjóðum heimilt að fjárfesta á skipulegum verðbréfamarkaði innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Skilyrði er að markaðurinn starfi reglulega, sé opinn almenningi og viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Sé markaðurinn utan ríkja OECD eða EES skal Fjármálaeftirlitið hafa viðurkennt markaðinn.

Samkvæmt a-c lið 1. tölul. 1. mgr. 30. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði (vffl.) er verðbréfasjóðum heimilt að fjárfesta í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem hafa verið skráðir eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir, sem ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða hafa verið skráðir eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan EES eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan EES sem er opinn almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.

Fjármálaeftirlitið lítur svo á að þeir markaðir sem opnir eru almenningi, starfa reglulega og lúta eftirliti eftirlitsstjórnvalds sem telst vera fullgildur (e. ordinary) meðlimur í alþjóðasamtökum verðbréfaeftirlita (IOSCO) séu viðurkenndir með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan. Í framangreindu felst að mati Fjármálaeftirlitsins viðurkenning í skilningi síðasta málsl. 2. mgr. 36. gr. slsl. á þeim mörkuðum sem uppfylla framangreind skilyrði.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að í viðurkenningu skv. 2. mgr. 36. gr. slsl. felst eingöngu viðurkenning á skipulegum verðbréfamörkuðum í skilningi laga um kauphallir og sambærilegum aðalmörkuðum utan EES.

Þá vekur Fjármálaeftirlitið sérstaka athygli á því að lífeyrissjóðum er ekki heimilt að eiga viðskipti með óskráð bréf nema bréfin séu gefin út af aðilum innan aðildarríkja OECD eða EES.